

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi Fiskmarkaður Suðurnesja, kt. 530787-1769

Starfsstöð: Krosseyjarvegi 15
780 Höfn í Hornafirði
Fastanúmer: 218-1038

Leyfið gildir frá 14. júní 2019 til 14. júní 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir fiskmarkað

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, starfsemi eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST). Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. heilbrigðisnefndar Austurlands,



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Fiskmarkaður Suðurnesja, kt. 530787-1769

Starfsstöð: Krosseyjarvegi 15
780 Höfn í Hornafirði
Fastanúmer: 218-1038

Leyfið gildir frá 14. júní 2019 til 14. júní 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir fiskmarkað

Starfsleyfið og starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og á grunni umsóknar um starfsleyfi dags. 18.mars 2019.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1. Lýsing á starfsemi og skilyrði sem gilda

Um er að ræða fiskmarkað þar sem allur fiskur kemur inn ísaður í körum og er fluttur annað til frekari vinnslu.

Um starfsemina gilda m.a.

- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, fylgiskal 1.

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.2. Fráveita

Fráveituvatn frá vinnslusal er leitt í fituskilju áður en því er veitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Önnur fráveita fer í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á reglubundu viðhaldi, hreinsun og losun fituskilju. Losunartíðni skal vera í samræmi við notkun og rennslismagn um fituskiljuna, starfsleyfishafi ber ábyrgð á því að skilja sé losuð í samræmi við hönnunarforsendur, þó að lágmarki árlega. Fita sem losuð er úr fituskiljum skal losuð, endurunnin eða fargað hjá aðila sem hefur til þess starfsleyfi. Bein losun á fitu í fituskilju er óheimil.

Um fráveitur gilda:

- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

2.3. Loft, ryk og hávaði

Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig hátað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða.

2.4. Úrgangur

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Ekki er heimilt að safna úrgangi, hann skal fluttur með eðlilegu millibili til móttökustöðva sem hefur leyfi til að taka við úrganginum.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um. Í gögnum um innra eftirlit skal halda saman upplýsingum um magn og tegundir úrgangs sem flutt eru til förgunar eða endurvinnslu.

Um úrgang gilda m.a.

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

2.5. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Nytjahlutum skal ráðað snyrtilega sem og öðrum verðmætum. Ekki er heimilt að safna úrgangi.

3. Innra eftirlit fyrirtækisins

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

3.1. Handbók um innra eftirlit

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.

- Halda skal saman upplýsingum um þjónustu við fitugildru, þ.e. upplýsingar um eftirlit með henni, dagsetningu tæmingar og magn fitu sem úr henni er tekið.

Ofangreindar skráningar skulu liggja fyrir í starfsstöðinni og vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

4. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

14. júní 2019

F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi

14. júní 2019

Fiskmarkaður Suðurnesja
Hafnargötu 8
245 Sandgerði

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir
Fiskmarkað Suðurnesja vegna fiskmarkaðar við Krosseyjarveg 15 á Höfn í Hornafirði**

Umsókn um starfsleyfi fyrir fiskmarkað barst frá Fiskmarkaði Suðurnesja, kt. 530787-1769, þann 18. mars 2019. Um er að ræða umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir fiskmarkaðinn.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Móttaka umsóknar um starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 18.mars 2019.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 15.apríl 2019 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Sama dag voru umsækjanda og Sveitarfélaginu Hornafirði send starfsleyfisdrögin, vakin athygli á auglýsingunni og gefinn sami frestur til að gera aths. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 13. maí 2019.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út án breytinga frá auglýstum drögum.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi